

Barnaheill
Kt: 521089-1059
Ársreikningur 2018



Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar og reikningskilaaðferðir	8
Sundurliðanir með ársreikningi	9-10

Barnaheill - Save the Children á Íslandi
Kt: 521089-1059
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Hlutverk samtakanna

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem standa vörð um mannréttindi barna og eru málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemin á árinu

Hagnaður var af rekstri samtakanna á árinu 2018 að fjárhæð kr.662.872. Í árslok er eigið fé jákvætt um kr. 53.503.934 og er eiginfjárhlutfall samtakanna tæplega 95%.

Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti en erlend neyðaraðstoð var aukin töluvert með stuðningi frá Utanríkisráðuneytinu. Áframhaldandi fjölgun heillavina og hækkun framlaga á árinu skilaði sér í 9,4% hækkun á tekjum frá styrktaraðilum og félagsmönnum á árinu 2018.

Hjá samtökunum störfuðu í árslok 5 fastráðnir starfsmenn í 4.8 starfsgildum en auk þeirra var tæplega eitt stöðugildi aðkeypt. Beinar launagreiðslur tengdar rekstri samtakanna á árinu námu alls kr. 38.426.179.

Stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla telja niðurstöður ársreikningsins gefa allar nauðsynlegar upplýsingar til að glöggva megi sig á rekstri og fjárhagslegri stöðu félagsins í árslok 2018 og staðfesta hér með ársreikning 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 13. maí 2019

Í stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Harpa Rut Hilmarisdóttir

Áslaug Björgvinsdóttir

Páll Valur Björnsson

Atli Þór Albertsson

Jón Ragnar Jónsson

Anni Haugen

Helga Arnardóttir

Framkvæmdastjóri

Erna Reynisdóttir

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Barnaheilla fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning þr 31.12.2018, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar. Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfesti ég samkvæmt minni bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Barnaheill í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi ég aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun minni á hann. Álit mitt á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og ég staðfesti þær ekki á neinn hátt. Í tengslum við endurskoðun mína á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem ég hef aflað mér á félaginu við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef ég á grundvelli vinnu minnar álykta að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber mér að skýra frá því. Ég hef lesið aðrar upplýsingar í ársskýrslu og hef ekkert að upplýsa hvað það varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beiti ég faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Ég framkvæmi einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Reykjavík 7. maí 2019

Árni Björn Birgisson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höfum yfirfarið ársreikninginn og í því sambandi kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Helga Jónasdóttir

Pórður Þórkelsson

Rekstrarreikningur 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrartekjur			
Heillavinir og félagsgjöld		56.288.130	51.471.074
Fjáröflun	1	15.448.612	16.162.014
Framlög til verkefna	2	11.079.510	13.909.448
Opinber framlög	3	34.925.000	6.975.000
Erlendir styrkir	4	2.687.484	1.866.501
Aðrar tekjur	5	534.882	444.198
		120.963.618	90.828.235
Rekstrargjöld			
Innlend verkefni og starfsemi	6	49.119.774	43.113.352
Erlend verkefni	7	32.840.830	7.016.544
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	16.685.301	16.221.675
Kynningar og fjáröflun	9	23.177.767	22.322.703
Afskriftir rekstrarfjármuna	10	125.000	125.000
		121.948.672	88.799.274
Rekstrarhagnaður (tap)		(985.054)	2.028.961
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		1.745.590	1.290.593
Vaxta- og þjónustugjöld og gengismunur		(137.664)	23.614
		1.607.926	1.314.207
Hagnaður ársins		622.872	3.343.168

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir	10		
Fasteignir		6.259.500	6.259.500
Áhöld og tæki		182.475	307.475
		6.441.975	6.566.975
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		4.700.967	3.510.945
Birgðir		5.067.690	4.334.688
Handbært fé		40.289.134	46.455.061
		50.057.791	54.300.694
Eignir samtals		56.499.766	60.867.669

Eigið fé og skuldir

	Skýr	2018	2017
Eigið fé	11		
Óráðstafað eigið fé		53.503.934	52.881.062
		53.503.934	52.881.062
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		2.995.832	7.986.607
		2.995.832	7.986.607
Eigið fé og skuldir samtals		56.499.766	60.867.669

Sjóðstreymi 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)			
Samkvæmt rekstrarreikningi		622.872	3.343.168
		<u>622.872</u>	<u>3.343.168</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna			
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(1.190.022)	1.416.846
Birgðir (hækkun) lækkun		(733.002)	(1.788.485)
Áhöld og tæki (hækkun) lækkun		125.000	125.000
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda			
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		(4.990.775)	4.602.848
		<u>(6.788.799)</u>	<u>4.356.209</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(6.165.927)	7.699.377
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar			
Kaupverð eigna		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(6.165.927)	7.699.377
Handbært fé í byrjun tímabils		46.455.061	38.755.684
Handbært fé í árslok		<u><u>40.289.134</u></u>	<u><u>46.455.061</u></u>

Skýringar með ársreikningi

Um samtökin

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Samtökin eru með starfsstöð að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4.tl.4.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samtökin greiða hinsvegar fjármagnstekjuskatt og tryggingagjald.

Hlutverk samtakanna er að standa vörð um mannréttindi barna og vera málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta við sölu eða innlausn reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Rekstrarreikningur

Seldar vörur og styrkir eru færðar til tekna í rekstrarreikningi sem þær falla til á reikningsárinu.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Efnahagsreikningur

Fasteignir eru metnar á upphaflegu kostnaðarverði.

Birgðir eru samkvæmt talningu en um er að ræða kennsluefni vegna Vináttuverkefnisins.

Áhöld og tæki eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði.

Sundurliðanir með ársreikningi

1. Fjáröflun	2018	2017
Áheitasöfnun	999.468	1.728.818
Út að borða fyrir börnin	4.652.246	5.261.493
Jóla- og minningarkort	5.978.331	4.951.453
Fjáröflunarvarningur	415.567	459.250
Styrktarlínur	3.403.000	3.761.000
	15.448.612	16.162.014
2. Framlög til verkefna		
Styrkir vegna einstakra verkefna	1.829.612	809.875
Framlög vegna einstakra verkefna	8.691.500	11.885.468
Framlög vegna erlendra verkefna	502.966	1.114.105
Samfélagsstyrkir	55.432	100.000
	11.079.510	13.909.448
3. Opinber framlög		
UTN vegna neyðaraðstoðar	26.500.000	0
VEL rekstrarstyrkur	6.500.000	3.500.000
Styrkir vegna einstakra verkefna	1.925.000	3.475.000
	34.925.000	6.975.000
4. Erlendir styrkir		
Styrkir frá ESB v/Inhope	2.687.484	1.764.529
Aðrir erlendir styrkir	0	101.972
	2.687.484	1.866.501
5. Aðrar tekjur		
Endurgr. kostnaður v. íbúðar f. fjölskyldur langveikra barna	534.882	444.198
	534.882	444.198
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	38.426.179	29.697.198
Bifreiðastyrkir	1.168.860	1.116.005
Tryggingagjald	3.093.983	2.379.250
Lífeyrissjóður	5.572.564	3.920.394
Sjúkra og orlofssjóður	721.578	578.361
Yfirfært á verkefni	(48.983.164)	(37.691.208)
	0	0
6. Innlend verkefni og starfsemi		
Vernd gegn ofbeldi	9.147.957	10.127.292
Málsvarahlutverk	275.805	1.328.998
Stuðningsverkefni	642.959	119.878
Kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna	603.054	544.882
Ungmennaráð	217.051	370.720
Önnur innlend starfsemi	270.996	212.515
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	37.961.952	30.409.067
	49.119.774	43.113.352

7. Erlend verkefni	2018	2017
Neyðaraðstoð	28.989.550	5.428.960
Þróunaraðstoð	300.000	0
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	3.551.280	1.587.584
	32.840.830	7.016.544

8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Sími, internet og póstpjónusta	654.387	499.988
Upplýsingakerfi hugbúnaðarþjónusta	812.205	1.014.596
Endurskoðun og reikningsskil	359.600	496.000
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuþjónusta	5.095.264	4.893.747
Prentun, ritföng, smáhlutir og gjafir	110.227	198.085
Húsnæðiskostnaður	3.682.814	2.418.264
Tryggingar	58.816	52.800
Viðhald og rekstur tölvubúnaðar	570.256	677.159
Aðildargjöld alþjóðasamstarf	154.971	912.088
Ferðakostnaður	640.438	259.494
Fundakostnaður og ráðstefnur	684.049	469.823
Starfsmannakostnaður	188.537	190.744
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	3.673.737	4.138.887
	16.685.301	16.221.675

9. Kynningar og fjáröflun

Kostnaður vegna útgáfu blaðs	2.356.593	2.605.260
Kostnaður út að borða fyrir börnin	46.548	478.509
Umsýslugjald vegna innheimtu félagsgjalda og styrkja	7.621.773	7.042.756
Kostnaður vegna áheitasöfnunar	13.981	0
Kostnaður vegna útgáfu jólakorta	1.249.430	1.402.859
Öflun félagsmanna og styrktaraðila	7.898.815	4.691.165
Annar sölu- og markaðskostnaður	194.432	192.372
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	3.796.195	5.909.782
	23.177.767	22.322.703

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	6.259.500	307.475	6.566.975
Keypt á árinu		0	
Stofnverð í árslok	6.259.500	307.475	6.566.975
Afskrifað í ársbyrjun	0	0	0
Afskrifað í árslok	0	125.000	125.000
Bókfært verð í árslok	6.259.500	182.475	6.441.975

	Fasteignamat	Brunabótamat
Opinbert mat íbúðar er sem hér segir	41.570.000	26.130.000
Íbúð samtakanna er til notkunar fyrir fjölskyldur langveikra barna.		

11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	31.12.2018	31.12.2017
Staða í ársbyrjun	52.881.062	48.694.401
Leiðr. vegna niðurfærslu viðskiptakrafna frá fyrri árum	0	843.493
Samkv. rekstrarreikningi	622.872	3.343.168
Staða í árslok	53.503.934	52.881.062